

Hafnarfjarðarbær
Kristinn Ó. Magnússon
Strandgötu 8
220 Hafnarfjörður

2002030010
1400; 9310

Reykjavík, 4. apríl 2002
/--

Efni: Lagning Ásbrautar frá Goðatorgi að Kaldárselsvegi í Hafnarfirði. Ákvörðun um matsskyldu.

Vísað er til erindis Hafnarfjarðarbæjar dags. 4. mars 2002 þar sem Skipulagsstofnun er tilkynnt fyrirhuguð lagning Ásbrautar í Hafnarfirði samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og lið 10 b í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Fornleifaverndar ríkisins.
Umsögn barst frá Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 21. mars 2002.
Frekari upplýsingar og svör bárust frá framkvæmdaraðila með tölvupósti dags. 27. mars 2002.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

Fyrirhuguð framkvæmd

Fram kemur í framlögðum gögnum að sá kafla Ásbrautar sem hér er til umræðu nái frá Goðatorgi í Áslandi að Kaldárselsvegi og sé um 400 m langur. Framkvæmdin sé síðasti áfanginn í lagningu vegarins. Fyrirhugaður vegur verði með eina akrein í hvora akstursstefnu og sé áætluð hversdagsumferð um hann árið 2024 um 10-12 þúsund bílar á sólarhring.

Lagning þess hluta Ásbrautar sem hér sé til umfjöllunar opni umferðaræð frá Áslandi, inn á Kaldárselsveg og þaðan á gatnamót Kaldárselsvegur og Reykjanesbrautar. Til að hægja á umferð og gera gatnamótin öruggari verði byggt hringtorg þar. Hringtorg á þessum stað muni stuðla að hægari umferð um Reykjanesbraut og því auknu öryggi á framkvæmdatíma ef fyrirhuguð tvöföldun Reykjanesbrautar gangi eftir.

Áriðandi sé fyrir nýuppbyggt íbúðahverfi í Áslandi í Hafnarfirði að lokið verði við lagningu Ásbrautar hið fyrsta. Ásbraut hafi þegar verið lögð frá Ástorgi að Goðatorgi, og sé allri umferð til og frá íbúðahverfinu beint um þann kafla að Ástorgi, en fyrir marga vegfarendur sé þetta töluverður krókur.

Fram kemur í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila að Ásbraut muni liggja norðanmegin í

hlíð Ásfjalls en ofan við veginn sé íbúðahverfi í Áslandi. Neðan við veginn til norðurs sé Kirkjugarður Hafnarfjarðar en vestan við hann niður að Reykjanesbraut sé opið svæði. Fram kemur að stærsti hluti þeirra gróðurþekju sem Ásbraut muni liggja um sé ræktað land eða graslendi. Breiðholtsgrágrýti myndi berggrunninn en ofan á honum séu 0,5-2,5 m þykk laus jarðlög sem samanstandi af jökulruðningi og/eða moldarfyllingu. Fram kemur að fuglalíf og annað dýralíf innan svæðisins sé fátæklegt.

Fram kemur að Ásbraut verði allt að 5 m undir núverandi landhæð og þurfi því að sprengja fyrir veginum. Efni í burðarlög verði unnið úr sprengdu efni skeringa að svo miklu leyti sem hægt sé. Umframefni verði notað til mannvirkjagerðar og sé áætlað um 20.000 m³. Efnisþörf til gatnagerðar sé áætluð um 3.000 m³. Til gatnagerðar verði einungis tekið efni úr viðurkenndum efnisnámmum höfuðborgarsvæðisins, sem uppfylli skilyrði laga um náttúruvernd nr. 44/1999.

Tilgangur framkvæmdarinnar sé að bæta samgöngur í Hafnarfirði, sér í lagi fyrir íbúa Áslands. Hafnarfjarðarbær telur að framkvæmdin sé ekki matskyld.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG SVÖR FRAMKVÆMDARAÐILA

Í umsögn Fornleifaverndar ríkisins er bent á að eina fornleifin sem sé í hættu vegna lagningar Ásbrautar sé Dagmálavarða, en meint staðsetning hennar sé undir fyrirhuguðu vegstæði Ásbrautar. Tekið er undir umsögn Þjóðminjasafns Íslands um tillögu að matsáætlun vegna tvöföldunar Reykjanesbrautar um Hafnarfjörð og bent á að kringum kirkjugarðinn séu mannvirki og minjar tengdar kálgörðum og fjárbúskap í Öldunum, m.a. tveir torfkofar, hlaðnir kálgarðar og fjárhústóft skammt austur af SV-horni kirkjugarðsins. Þessar minjar séu frá því um miðja 20. öld og teljist því ekki til fornleifa skv. þjóðminjalögum. Lögin kveði á um að minjar 100 ára og eldri teljist til fornleifa og njóti verndar sem slíkar. Þjóðminjavarslan geti því ekki bannað röskun þessara minja þótt bent sé á að þær kunni að hafa varðveislugildi sem minjar um garðyrkju og fjárbúskap Hafnfirðinga, sem nú sé liðinn undir lok. Verði ákveðið að fjarlægja þessar minjar séu það eindregin tilmæli Þjóðminjasafnsins að þær verði mældar nákvæmlega upp og kortlagðar áður. Jafnframt er minnt á að skv. þjóðminjalögum þarf að sækja um leyfi til að raska Dagmálavörðu, reynist það óhjákvæmilegt.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að þær minjar sem ekki teljist til fornleifa verði skráðar og myndaðar af starfsfólki Byggingasafns Hafnarfjarðar á næstu vikum og ekki sé talin þörf á að friða þær.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða lagningu 400 m kafla tengibrautarinnar Ásbrautar frá Goðatorgi að Kaldárselsvegi í Hafnarfirði. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 10 b í 2. viðauka í lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Í samræmi við 6. grein laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu framkvæmdaraðila við tilkynningu, umsagnir og svör framkvæmdaraðila við þeim. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að lagning Ásbrautar frá Goðatorgi að Kaldárselsvegi í Hafnarfirði sé ekki

líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdarleyfi Hafnarfjarðarbæjar skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Einnig ber að sækja um leyfi til Fornleifaverndar ríkisins reynist óhjákvæmilegt að raska Dagmálavörðu. Staðsetning tengibrautarinnar Ásbrautar er ekki í samræmi við gildandi aðalskipulag. Breyta þarf Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 1995-2015 þannig að sýnd verði tengibraut milli Goðatorgs og Kaldárselsvegar. Breyta þarf gildandi deiliskipulagi þar sem staðsetning tengibrautar er ekki í samræmi við það.

Samkvæmt 6. grein laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 7. maí 2002.

Þóroddur F. Þóroddsson

Sigurður Ásbjörnsson

Afrit.

Umhverfisráðuneytið og Fornleifavernd ríkisins.